

Sólveig Samúelsdóttir stundaði tónlistarnám við Tónlistarskólann á Ísafirði og síðar píanónám við Tónlistarskólann í Reykjavík. Hún nam söng við Söngskólann í Reykjavík undir handleiðslu Elísabetar F. Eiríksdóttur og Listaháskóla Íslands hjá Elísabetu Erlingsdóttur og lauk þaðan B. Mus. gráðu í einsöng vorið 2005 og kennaraprófi ári síðar. Hún hefur sótt einkatíma hjá Giovanna Canetti prófessor í Milanó og námskeið hjá, m.a. Joy Mammen, Galinu Pisarenko, Dalton Baldwin, Kiri Te Kanawa og David Jones.

Sólveig hefur sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, í óperu-uppfærslum Óperustúdíós Íslensku Óperunnar, þar á meðal hlutverk Dorabellu í *Così fan tutte* eftir Mozart og kemur reglulega fram sem einsöngvari með kórum og hljómsveitum. Hún söng um skeið með kammerkórnum Schola Cantorum og Carminu og hefur flutt með þeim margvíslega tónlist bæði innanlands og erlendis og tekið þátt í upptökum með þeim. Árið 2005 gaf hún út hljómplötuna *Melodiu* sem hlaut mikið lof gagnrýnenda, en þar syngur hún ljúfa kvikmyndatónlist í útsetningum Samúels, bróður síns.

Héctor Eliel Márquez Fornieles nam píanóleik, kammertónlist og tónvísindi við Victoria Eugenia tónlistarháskólann í fæðingargarborg sinni, Granada, og stundaði framhaldsnám við Schola Cantorum Basiliensis í Sviss, undir handleiðslu Edoardo Torbianelli. Í námi sínu lagði hann sérstaka áherslu á tónsmíðar fyrir söngrodd, bæði kórverk og einsöngsverk.

Héctor býr yfir mikilli reynslu af því að starfa með söngvurum og hefur leikið undir á fjölmörgum námskeiðum, m.a. með Nancy Argenta, Ana Luisa Chova, Carlos Hacar, Coral Morales og Gerd Türk. Hann hefur verið aðstoðarkórstjóri kórs Sinfóníuhljómsveitar Granada og meðleikari við Tónlistarháskólann Victoria Eugenia í Granada. Í desember 2011 hlaut Héctor fyrstu verðlaun fyrir verk sitt *Revelación* í alþjóðlegri samkeppni um kórverk og í fyrra hlaut hann styrk úr spænskum tónsmíðasjóði til frumflutnings á verki með sinfóníuhljómsveitinni í Granada (OCG).

Sólveig og Héctor komu fyrst fram saman á tónlistarhátíðinni *Við Djúpið* á Ísafirði 2010, og hafa einnig haldið tónleika á Spáni og nýlokið er upptökum á sönglögum Héctors fyrir útgáfufyrirtækið IBS Classical.

Sólveig Samúelsdóttir
mezzosópran

Héctor Eliel Márquez Fornieles
píanó



El loto – Lótusblómið

Nóttin breiðir óljósa blæju sína yfir hafið. Ljúfa og mjúka siffonslæðu skekur hún í þyngdarleysi. Tunglið flýtur í loftinu eins og gríðarstórt lótusblóm. Ó þú hvíta! Ó þú hvíta sem hvíslar hálfum hljóðum hinn víðtæka takt draumanna.

Antonio Carvajal

Repetiré en la noche – Endurtekið um nótt

Endurtek svo oft á nóttu nafn þitt. Það ætti ekki að vera einmanalegt, en verður einmanalegt eftir margrar margrar nætur. Hið ljúfa lag svefnins væra, varðveitt í rúmi mínu, lyftir mér í hæstu hæðir, blómstrandi án þyrna. Sofandi í þér, fagra sköpun. Hin ljúfa og staðfasta stjarna umlykur mig eins og geislabaugar af ást og ljósi sköpunarinnar.

Antonio Carvajal

Si fueras un crisantemo – Ef værir þú brá

Ef værir þú brá - ástarblóm Japan - plantað í örmum mér, hefðir þú kveikt í ást minni. Ef værir þú lilja - ástarblóm San Juan - plantað í örmum mér, hversu ljúfur og sætur væri þá andardrátturinn. En líkami blómsins er búinn að vera og sálin hefur afhent mér blómið, leitt mig þannig í arma þína og ég hef brunnið upp af ást.

Antonio Carvajal

Niño dormido – Sofandi barn

Draumur um nótt. Hér er sofandi barn. Eins og strokið sé um augu þess með væng eða andvarpi, broskippir í munnvikum. Yndisleg lyktin nærverandi. Ég upplifi draum en verð vitni að öðrum draumi. Blóm og skurður í holdi. Jafnvægisleysi, eins og á milli þess að vera og ekki vera. Ég heyri leyndarmálið en sef áfram. Kyrrð í gleyskunnar dá. Hvílikur sársauki í blóði mínu í uppgjöfinni.

Elena Martín Vivaldi

Paisajes - Landslag

Augu mín sem horfðu töpuðu sólarljósinu. (Garðurinn er einmana, hjarta mitt hamingjusamt.) Hendur mínar skera blóm af óþolinmæði. (Ilmurinn situr enn í loftinu.) Augu mín ljómandi af landslagi og skýjum. (Hvítu skýin taka síðar á sig blóðrauðan lit.) Hendur mína vefa teygjanlegar vonir. (Hið hljóða tré sofnar á enginu.) Rödd mín brotnar við liti sólarupprásarinnar. (Fuglarnir færa mér turnhæð sína.) Sál mín er hrein af orku og kyrrð. (Nóttin hálfopnar gáttina fyrir stjörnunum.)

Elena Martín Vivaldi

Efnisskrá

Héctor Fornieles f. 1979	El loto Repetiré en la noche Si fueras un crisantemo	2001 2006 2006
Héctor Fornieles	Niño dormido Paisajes Tilos	2007 2007 2007
Joaquin Rodrigo 1901-1999	Cuatro Madrigales Amatorios 1 ¿Con qué la lavaré? 2 Vos me matásteis 3 ¿De dónde venís, amore? 4 De los álamos vengo, madre	1948
Héctor Fornieles	Secreto La afición de la rosa Dime A ti siempre alegría <i>tileinkað Sólveigu Samúelsdóttur</i>	2007 2007 2010 2010

Tilos – Linditré

Frammi fyrir himninum bláa og gula tapaðir þú skugganum og röddinni. Glaðlegt gult ljós hellist inn. Skjálfandi af upplýstri von er morgunn áfangastaðarins. Sjáðu litinn sem ver allt sem er, hinn gula! Hvar er sá græni sem ég fékk til veislunnar? Hér eru fuglar og hásumar. Hvað varð um ilminn sem krossfesti göturnar? Er hann horfinn í fljótið? Segðu bara nafn þitt, aðeins nafn þitt, linditré.

Elena Martín Vivaldi

Cuatro Madrigales Amatorios – Fjórir madrigalar ástarinnar

1. Hvernig á ég að þvo andlit mitt? Með hverju á ég að þvo það? Örvænting mín er mikil. Mæðurnar þvo sér með ferskum sítrónusafa. Ég þvæ burt angist mína með tárur sársaukans.

2. Þú hefur eyðilagt mig, síðhærða stúlka. Þú hefur drepið mig. Á bakka árinna sá ég unga síðhærða stúlku. Þú hefur eyðilagt mig, drepið mig.

3. Hvaðan kemur þú, hjartað mitt? Ég veit reyndar hvaðan. Hvar varstu vinur minn? Ég varð reyndar vitni að því. Ég veit alveg hvar þú varst!

4. Ég var hjá öspunum, móðir. Greinar þeirra sveigðust í vindinum. Hjá espitrjánnum í Sevilla hitti ég elskhuga minn.

La afición de la rosa – Aðdáun á rósinni

Rósin trúfasta teygir sig upp stigann að tunglinu. Sál hennar er eins og blóm ótta og drauma. Hún þráir merki um öryggi og þjáist. Hún sleppir ilmi sínum út í lofið í uppnámi fylltu af von. Útsprungin af ljósinu afhjúpar hún tilfinningar sínar.

Elena Martín Vivaldi

Secreto - Leyndarmál

Það sem ég geymi í sálu minni, ó ástin mín, það veistu ekki! Óþægilega skörp minning kom í ljós undir lok. Lyktarlaus ilmur blóms hrærist í loftinu. Einn vill það sem annar vill ekki. Langar að fara undan en veit ekki hvernig. Þrá eftir óljósleika. Stingandi sársauki klórar holdið, sturlaðar hugsanir. Get ekki tjáð mig. Löngun vaknar að gera mér mein en hendurnar eru huglausar. Grátandi brotnar röddin en vill kalla af ákafa. Allt lífið á vörum mér þurrum af örvænt-

ingu. Öll nóttin í blindum augunum, því eina sem var skilið eftir. Allt er dauði í lífi mínu, fölu af einmanaleika. Það sem ég geymi í sálu minni, ó ástin mín, það veistu ekki. Það sem ég geymi í sálu minni er ást, slitin upp með rótum.

Elena Martín Vivaldi

Dime – Segðu mér

Segðu mér, segðu mér og ekki stynja inni í þér. Fuglar dögunarinnar rjúfa þögn þína. Fossar hvíldarinnar sem brotna í brjósti þínu freyða á bökkunum og kristallast í bergmálinu. Segðu mér, segðu mér og ekki stynja inni í þér. Samskiptaleysi er ekki af hinu góða. Ég hef fugla sem syngja til þín strauma án leyndarmála og varir sem andvarpa af þorsta vegna þagnar þinnar.

Antonio Carvajal

A ti siempre alegría – Til þín sem alltaf ert glöð

Til þín sem alltaf ert glöð. Ef jasmínblómið vaknar, vertu kanarífugl í búi við gluggann minn. Enn frekar, ef líkami þinn væri aðeins fyrir ást mína. Himneskur dúnmjúkur arfur. Eða enn meir, þegar hold míns holds þér ég færi. Við fölar varir þínar eru allir eins og anemónur. Ef tunglið, hafið og plönturnar væru fangelsi fyrir stjörnuna. Ég skulda þér gleði og von og vissu. Að vera sá sem ég er án þín er ekki hægt án þess að verða minni. Taktu mig sem gísl, elskandi skuld mína. Þá mun kanarífuglinn í búrinu verða við gluggann þinn. Þó þú eigir ekki fuglafræ, vatn eða mjúkt salat, máttu halda mér eins og villtri jasmínu við hlið þér sem nærast á andvörpum, ástin mín, á meðan hún hvílist.

Antonio Carvajal

Ljóðskáldin Elena Martín Vivaldi (1907–1998) og Antonio Carvajal (f. 1943) sem Héctor hefur valið að semja tónlist sína við eru bæði frá Granada, heimaborg Héctors. Antonio Carvajal var í ár útnefndur þjóðarskáld Spánverja 2012.

23. júlí 2013
Sólveig Samúelsdóttir